

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt nr. 426/2005 um meðhöndlun úrgangs á Suðurnesjum.

#### 1. gr.

Í stað orðanna „Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. samþykktarinnar og sömu orða hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í samþykktinni kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Kalka sorpeyðingarstöð sf.

Orðið „Grindavíkurbæ“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. samþykktarinnar og sama orð hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í samþykktinni fellur brott.

Orðið „Reykjanesbæ“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. samþykktarinnar og sama orð hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í samþykktinni fellur brott.

Í stað orðanna „Gerðahreppi“ og „Sandgerðisbæ“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. samþykktarinnar og sömu orða hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í samþykktinni kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Suðurnesjabær.

Í stað orðsins „Vatnsleysustrandarhreppi“ í 1. málsl. 1. mgr. 1. gr. samþykktarinnar og sama orðs hvarvetna í öllum beygingarföllum annars staðar í samþykktinni kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Sveitarfélagið Vogar.

Í stað orðanna „á Suðurnesjum“ í 4. mgr. 1. gr. samþykktarinnar og sömu orða hvarvetna annars staðar í samþykktinni, að undanskilinni 11. gr., kemur: í Suðurnesjabæ og Sveitarfélaginu Vogum.

Í stað orðsins „Hvert“ í 1. málsl. 1. mgr. 9. gr. samþykktarinnar kemur: Hvort.

#### 2. gr.

Heiti samþykktarinnar verður: Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Suðurnesjabæ og Sveitarfélaginu Vogum.

#### 3. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 28. október 2024.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Ingvarsson.**

*Trausti Ágúst Hermannsson.*